



Verkefningafélag Íslands

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Skuggasundi 1

101 Reykjavík

Mál: Umsögn Verkefningafélags Íslands um Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. útgáfa.

VFÍ fagnar útgáfu Aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum þar sem horft er til losunar gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030. Hér er lagt fram skjal sem er mun ítarlegra og umfangsmeira en fyrri áætlun. Framsetning er skýr og talsverður metnaður lagður í að ná utan um þessi flóknu mál.

Við stöndum frammi fyrir gríðarlegu verkefni sem mun móta samfélag okkar næstu áratugina. Aðgerðaáætlunin er þarft skref á langri vegferð. Þetta er langtímaverkefni sem kallar á breytta hugsun og breytta nálgun á mörgum sviðum. Ný tækni og breytt vinnubrögð leika lykilhlutverk í fjölda þeirra verkefna sem framundan eru. Framkvæmd ýmissa aðgerða í áætluninni eru ekki á borði stjórnvalda heldur í höndum fyrirtækja og sveitarfélaga þar sem verkefningar og tæknifræðingar eru gjarnan í lykilhlutverkum. Úrlausn þeirra kallar á að þróaðar verði nýjar lausnir og aðferðir. Stjórnvöld hafa lagt fram sitt útspil. Nú þarf að virkja kraftinn í samfélaginu og styðja við frumkvæði því aðgerðir ríkisins duga ekki einar og sér til að ná árangri í loftslagsmálum.

Árið 2020 er óvenjulegt og sýnir hve hratt breytingar geta orðið. Breytingar hafa orðið á því hvernig við lifum, hugsun og metum umhverfi okkar. Nú er sóknarfæri og grípa þarf tækifærið og taka af festu á verkefnum sem loftslagsmálin kalla á.

Boðuð hefur verið innspýting á fjármagni vegna niðursveiflu í hagkerfinu, sem er m.a. ætlað að nýta til stórra innviðaverkefna. Við uppbygginguna ætti að horfa til loftslagsmála meðal annars á þann hátt að loftslagsvæn verkefni verði sett í forgang svo sem varðandi endurnýjanlega orku, orkuskipti og almenningsamgöngur. Kröfur varðandi loftslagsmál verði settar varðandi hönnun og framkvæmdatíma í innviðaverkefnum. Fjárfesta þarf með markvissum hætti í nýsköpun og tækniþekkingu til að auka fjölbreytileika og þekkingu atvinnulífs með áherslu á loftslagsmál.

Gæta þarf þess að festast ekki í römmum sem flokkun á losun gróðurhúsalofttegunda í alþjóðabókhaldi setur. Í Aðgerðaáætluninni er ágætlega gerð grein fyrir því hvernig losun er bókfærð ýmist hjá stjórnvöldum, fyrirtækjum innan viðskiptakerfis með loftslagsheimildir (ETS kerfið) eða er utan bókhalds. Neysla hérlendis fellur einungis að litlu leyti undir ábyrgð íslenskra stjórnvalda því losun verður í framleiðslulöndum vöru og hráefna. VFÍ telur að vinna þurfi að því að auka skilning á þessu og að augin áhersla verði á heildarlosun frekar en að horfa á eingöngu á það afmarkaða mengi sem bein losun frá

Íslandi er. Til eru ágætar aðferðir sem nýta má í meira mæli en nú er gert, til dæmis vistferilgreiningar, útreikningar á kolefnisspori og aðferðir sem kenndar eru við hringrásarhagkerfið.

Tekið skal fram að með þessu er ekki verið að gera lítið úr aðgerðaráætlun vegna beinnar losunar frá Íslandi heldur er hér áskorun um að horfa heildstætt á losun. Nálgunin er skiljanleg út frá þeim útgangspunkti sem stjórnvöld taka, þ.e. að minnka losun á ábyrgð íslenskra stjórnvalda eins og hún er bókfærð í alþjóðasamningum. Til að þetta verði áætlun Íslands, ekki bara stjórnvalda og bókhaldsins, þarf að vinna frá víðara sjónarhorni, virkja atvinnugreinar, sveitarfélög, rannsóknir, háskóla, sérfræðinga og almenning. VFÍ fagnar því að stjórnvöld boða vinnu með aðilum eins og Grænni byggð, Grænu orkunni og samtökum atvinnugreina en það er miður að margar aðgerðir sem eru í samstarfi eru á byrjunarstigi og ekki vel útfærðar. Hvatt er til að koma aðgerðum í framkvæmd sem fyrst því hvert ár telur og viðgangsefnið verður erfiðara ef beðið er með að hefjast handa.

Virk þátttaka samfélagsins í verkefnum er lykilatriði til að vel takist til. Nýta ætti tæki verkefnastjórnunar og sýna opinberlega tímalínu innleiðingar, stöðu verkefna og árangur. Virkja þarf upplýsingasíður sem fjallað er um í áætluninni, þar sem lifandi umfjöllun um stöðu verkefna væri sett fram og uppfærslur á stöðu mála. Ekki þarf að bíða eftir útgáfu heildarskýrsla til að sýna árangur. Mikilvægt er að gera grein fyrir ávinningi sem fyrst til að hvetja samfélagið til að halda áfram að vinna í verkefnum.

Þegar horft er á yfirlit yfir losun sem er á ábyrgð íslenskra stjórnvalda er ljóst að orkuskipti í samgöngum, sjávarútvegi og breyttar ferðavenjur geta skilað miklum árangri. Fylgja þarf verkefnum eftir af festu, styðja við þróun og vinna með atvinnulífi og sveitarfélögum við að ryðja hindrunum úr vegi. Verkefni um orkuskipti í sjávarútvegi og fyrir þungaflytninga eru óljós í Aðgerðaáætluninni og flýta þarf útfærslu þeirra og leggja fram raunhæfar aðgerðir.

VFÍ fagnar því að aðgerðir tengdar byggingariðnaði séu nú í Aðgerðaráætlun stjórnvalda. Á heimsvísu vegur losun tengd byggingum þungt. Eins og fram kemur í Aðgerðaráætluninni fellur aðeins lítill hluti losunarinnar frá byggingariðnaði undir beina ábyrgð Íslands. Hér er því ágætt dæmi um það hvernig þröngt sjónarhorn skekkir myndina og leiðir þar með ekki til réttar aðgerða, sem geta skilað umfangsmeiri árangri. Mikil gróska er á alþjóðavettvangi í rannsóknum og þróun á vistvænni byggingariðnaði og mikilvægt er að íslensk stjórnvöld styðji við vistvænni byggingariðnað á Íslandi.

Losun tengd byggingum er skipt í annars vegar innbyggt kolefni og hins vegar losun vegna reksturs. Innbyggt kolefni á við það kolefni sem er losað við öflun hráefna, meðhöndlun og framleiðslu, flutning, uppbyggingu, niðurrif, úrgangsméðhöndlun og endurvinnslu. Kolefnislosun vegna rekstrar verður á notkunartíma byggingar, s.s. losun vegna loftræsingar, rafmagnsnotkunar og viðhalds. Hægt er að hafa áhrif á heildarlosun bygginga með því að byggja að meðaltali minna húsnæði, velja byggingarefni sem hefur lágt kolefnisspor og auðvelt er að endurvinna og einnig að hanna byggingar þannig að auðvelt sé að endurvinna efni. Nota má vistvæna orkugjafa á tæki og vélar á byggingartíma og hanna orkunýtnar byggingar. Byggingar sem reistar eru í dag standa til áratuga og því skiptir máli að breytingar gerist hratt. Lagt er til að horft verði til nágrannalanda varðandi aðgerðir og aðferðir sem þar er beitt innan byggingariðnaðarinnar, svo sem vistferilgreiningar og losunarfría byggingarstaðir. Skoða þarf reglugerðir og staðla með tilliti til þess hvort þær hamli innleiðingu á nýjum lausnum. Aðgerðir í byggingariðnaði eru nátengdar aðgerðum í skipulagsmálum. Í skipulagsáætlunum geta sveitarfélög sett ramma um visthæfi byggðar, stutt við breyttar samgönguvenjur og stýrt landnotkun.

Áætlunin er sett fram sem áætlun stjórnvalda en þó er fjöldi aðgerða háður því að fyrirtæki eða sveitarfélög leggi til fjármagn í tækniþróun, tækniaðlögun eða innviðauppbýggingu. Nokkuð ruglingslegt er á köflum í skjalinu hvað eru aðgerðir sem stjórnvöld framkvæma og hvað eru aðgerðir sem aðrir bera ábyrgð á að framkvæma. Tilgreina mætti hverjir eru bakhjarlar og ábyrgðaraðilar verkefnanna og hver kostnaður er vegna aðgerða sem ekki eru fjármagnaðar úr ríkissjóði en kosta augljóslega talsvert fé.

Í kafla um fjármögnum eru sýnd væntanleg útgjöld ríkisins vegna áætlunarinnar en ekki væntar tekjur ríkisins af skattlagningu sem lögð er til. Þegar litið er á aðgerðir um urðunarskatt, kolefnisgjald og skattlagningu á f-gös, eru væntingar um að skatttekjur verði samanlagt um 8.000 milljónir kr. til að byrja með. Þess er vænst að tekjurnar lækki þegar aðgerðir fara að skila árangri. VFÍ telur að sértækar tekjur sem þessar eigi að skila sér til loftslagsmála, meðal annars sem niðurgreiðslur, í rannsóknir og þróunarstyrki og stuðningur til sveitarfélaga, fyrirtækja og almennings í þeim verkefnum sem þessir aðilar eru að vinna að. Skýra þarf hvert tekjurnar renna og skoða í samhengi við væntanleg útgjöld og hve mikið stjórnvöld eru að leggja til viðbótar til loftslagsmála þegar allt er talið.

Aðgerðir sem kallaðar eru „Hvatar til umskipta“ eru verkefni sem erfitt er að meta með beinum hætti en styðja við önnur verkefni í áætluninni. Menntun og fræðsla skiptir miklu máli til að allt gangi upp. Til að nýjar lausnir verði til þarf að mennta fólk því loftslagsmál koma við sögu í öllum verkefnum samfélagsins. Loftslagssjóður er kærkomin viðbót fyrir rannsóknir og þróun. Fjöldi umsókna sem bárust á fyrsta starfsári hans sýnir gróskuna og áhugann. Föngun á kolefni frá jarðvarmavirkjunum er gott dæmi um íslenskt hugvit sem skilar gríðarlegum árangri héraendis og miklar væntingar eru til að skili árangri á heimsvísu.

Verkfræðingafélag Íslands er reiðubúið til að taka þátt í samstarfi um Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem og leggja hönd á plóg við að koma einstökum aðgerðum í framkvæmd. Félagið getur stutt við innleiðingu áætlunarinnar með sérhæfðri þekkingu og áhuga félagsmanna á mörgum af lykilláttum eins og samgöngum, byggingariðnaði, orkumálum og menntun.

Reykjavík, 17. september 2020.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.